

Tillaga til 424. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 25. október 2018

Tillaga bæjarstjóra um lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga á árinu 2018

Bæjarstjóri leggur til að til að mæta framkvæmdum ársins 2018 og uppgjöri vegna breytinga á A deild Brúar verði sótt um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 1.080 milljónir króna. Um er að ræða endurfjármögnun á 800 milljóna króna láni sem tekið var í febrúar 2018 af eigin fé Lánasjóðs sveitarfélaga, auk 280 milljón króna sem ekki hefur enn verið fjármagnað.

Bæjarstjóri leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi bókun:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 1.080.000.000,- til 16 ára með föstum verðtryggðum vöxtum, láns í lánaflokknum LSS34. Til tryggingar láninu standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Er lánið tekið til að fjármagna ófjármagnaða framkvæmdir að fjárhæð kr. 280.000.000,- á síðari hluta árs 2018 og endurfjármögnunar á kr. 800.000.000,- láni af eigin fé Lánasjóðs sveitarfélaga sem tekið var til að mæta uppgjörum vegna breytinga á A deild Brúar og framkvæmdum fyrri hluta árs 2018 og til, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Guðmundi Gunnarssyni, kt. 230976-5119, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Ísafjarðarbæjar að undirrita lánssamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.